

Hvaða bækur hafa fylgt þér lengst,
þú hefur lesið oftast eða haft mest áhrif á þig?

Vel skrifaðar kvenpersónur eru í miklu uppáhaldi

Bækur hafa alla tíð átt sérstakan stað í mínu hjarta. Að snerta pappírinn, fletta blaðsíðum, finna lyktina. Kannski ekki skrítið, alin upp að hluta til hjá ömmu minni og afa, fjórða kynslóð í gömlu húsi stútfullu af gömlum bókum. Ég var reglulegur gestur á bókasafninu og tók þátt í öllum lestrarátökum líkt og um keppnisgrein á Ólympíuleikunum væri að ræða. Sem barni þótti mér skemmtilegast að lesa um snjallar, sterkar og ráðagóðar stelpur. Ein slík sögupersóna var Kapítóla Black, skrifuð af E.D.E.N. Southworth árið átjánhundruð og súrkál, gamaldags vissulega en stórskemmtileg frásögn. Ég rakst nýlega á kiljuna í bókabúð, en eintakið sem ég fékk í hendurnar á sínum tíma var um hundrað árum eldra.

Sögur kvenna, sögur um konur og vel skrifaðar kvenpersónur eru enn í miklu uppáhaldi hjá mér og bókinni sem mig langar að skrifa um og mæla með er einmitt saga konu, skrifuð af konu. Bókin heitir *Kona í hvarfpunkti* og er eftir Nawal El Saadawi (1931-2021), afkastamikinn rithöfund, geðlækni, mannréttindafrömuð og baráttukonu. Bókin fjallar um ævi Firdaus,


„... alin upp að hluta til hjá ömmu minni og afa, fjórða kynslóð í gömlu húsi stútfullu af gömlum bókum“

vændiskonu sem situr í fangelsi og bíður þess að vera tekin af lífi fyrir morð. Ofbeldi í öllum birtingarmyndum og valdaójafnvægi í samfélaginu einkenna líf aðalpersónunnar sem byggir á kvenfanga sem El Saadawi komst í kynni við þegar hún gerði rannsóknir á geðrænum vandamálum arabískra kvenna í hegningarhúsum Egyptalands. Þegar bókin kom út árið 1977 var það ekki í heimalandi höfundar, þar var hún bönnuð vegna efnistaka. Um tíma var El Saadawi í útlegð frá Egyptalandi og sat hún síðar í fangelsi eftir komuna heim. Þó svo að þessi bók hafi komið út fyrir rúmum 40 árum er hún mikilvæg lesning í nútíma heimi þar sem enn er vegið að réttindum og frelsi kvenna.

Því miður hefur tími til yndislestrar minnkað síðustu árin og bækurnar liggja hálfkláraðar í hinum ýmsu hillum, síðasta talning stóð á átta bóka-merkjum í notkun plús þrjár bækur opnar á hvolfi. Það verður tekinn skurkur í lestri á næsta ári, já eða þar næsta. Best væri auðvitað að klára staflann áður en byrjað verður á listanum yfir áhugaverðar bækur, sem er galoppinn fyrir tillögum.



María Kristbjörg Árnadóttir
svæfinga- og gjörgæslulæknir á
sjúkrahúsinu á Akureyri



Ég vil þakka Sigrúnu Lilju fyrir áskorunina (engar áhyggjur, mér liggur ekkert á að fá þessar bækur) og skora næst á Vöku Kristínu Sigurjónsdóttur, barnanýrnalækni, lektor við University of Miami og rannsakanda við Stanford.